

20. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 1. júlí 2020 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Þröstur Jónsson sem varamaður Jóns Bjarnasonar, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Borhola 09 á Flúðum

Á fundinn mætir Ásgeir Margeirsson, ráðgjafi og fór yfir minnisblað þeirra Þórs Gíslasonar um skoðun og mat tilboða í kjölfar verðkönnunar í 6 ½ tommu borholu og mat á verkefninu í ljósi verklýsingar og verksamnings. Rætt var við þá tvo aðila sem skiluðum tilboðum í kjölfar verðkönnunar og tilboð yfirfarin og samningskilmálar ræddir. Niðurstaða ráðgjafanna er sú að mæla með því að gengið verði til samninga við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borunina enda mat þeirra á tilboðsskrá og staðfestingu tilboðsgjafa að tilboð þeirra sé lægra og þeir uppfylli önnur skilyrði betur.

Meirihluti veitustjórnar samþykkir að farið verði eftir ráðleggingu ráðgjafa og gengið verði til samninga við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða að fjárhæð kr. 24.452.580,- án VSK og veitustjóra og sveitarstjóra verði falið að ganga frá nauðsynlegum skjölum vegna þess. Bjarney og Þröstur sitja hjá við afgreiðslu málsins.

2. Flúðaorka ehf.

Lagðar voru fram til kynningar aðalfundargerð Flúðaorku ehf og ársreikningur fyrir árið 2019.

3. Flúðaorka ehf.

Lögð var fram beiðni frá Flúðaorku ehf þar sem um heimild til að veðsetja samningsbundin réttindi sín við Hrunamannahrepp og Hitaveitu Flúða vegna lántöku hjá Arionbanka. Réttindin varða vatnssölusamning dags. 15. janúar 2018 með viðauka dags. 24. júní 2020 og leigusamning um húsnæði o.fl frá 30. ágúst 2019.

Leitað var eftir áliti endurskoðanda sveitarfélagsins. Í því kom fram að ekki verði séð að um sé að ræða veðsetningu á eignum Hitaveitu Flúða/Hrunamannahrepps eða að veðsetningin hafi áhrif á samning sveitarfélagsins og hitaveitunnar við landeigendur. Veitustjórn samþykkir veðsetningu samningsbundna réttinda til Arionbanka og felur sveitarstjóra og veitustjóra að undirrita nauðsynleg gögn í því sambandi.

4. Hitaveita Grafarhverfis ehf.

Lagðar voru fram til kynningar aðalfundargerð Hitaveitu Grafarhverfis ehf og ársreikningur fyrir árið 2019.

Veitustjórn ítrekar vilja sinn til að halda áfram viðræðum við Hitaveitu Grafarhverfis.

5. Átak vegna fráveituframkvæmda.

Lagðar voru fram upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um stuðning ríkisins vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga. Átakið snýr bæði að tímabundnu átaki vegna áhrifa Covid-19 og síðan stuðning ríkisins á árunum 2020-2030. Veitustjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að skila inn nauðsynlegum upplýsingum til Umhverfisstofnunar vegna fráveituframkvæmda sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:05.